

Verklagsreglur um viðurkenningu Háskóla Íslands fyrir lofsverðan árangur í starfi

Endurskoðaðar verklagsreglur, samþ. á fundi háskólaráðs 3. október 2019

1. Inngangur

Háskóli Íslands veitir árlega fjórum starfsmönnum viðurkenningu fyrir lofsverðan árangur í starfi, einum fyrir kennslu, öðrum fyrir rannsóknir og þriðja fyrir önnur störf í þágu Háskóla Íslands. Fjórdá viðurkenningin er veitt einstaklingi eða hópi fyrir lofsvert framlag til jafnréttismála. Hefur þessi háttur verið hafður á frá árinu 1999, að undanskildum árunum 2008-2011 þegar hlé var gert á verðlaunaafhendingunni í sparnaðarskyni. Veiting viðurkenningarinnar er liður í gæðakerfi Háskóla Íslands. Upphaflegar verklagsreglur um fyrirkomulag viðurkenningarinnar voru fyrst samþykktar af háskólaráði árið 1999 og þeim breytt lítillega árin 2002, 2014 og 2016. Fjórdá endurskoðun verklagsreglnanna miðar að því að fjölga viðurkenningunum um eina og að einfalda verklag.

2. Umsjón og tilnefningar

Skrifstofa rektors hefur umsjón með öflun tilnefninga og heldur utanum viðurkenningarferlið að öðru leyti. Staðið er að tilnefningum sem hér segir:

1. Viðurkenning fyrir kennslu. Viðurkenningin er veitt einstaklingi fyrir lofsverðan árangur eða sérstök nýmæli í kennslu og leiðbeiningu nemenda. Kallað er eftir tilnefningum frá starfsfólki og nemendum Háskóla Íslands, auk þess sem kennslumálanefnd háskólaráðs gerir tillögu um a.m.k. þrjá starfsmenn sem hún metur hæfa til að fá viðurkenningu.
2. Viðurkenning fyrir rannsóknir. Viðurkenningin er veitt einstaklingi fyrir lofsverðan árangur í rannsóknum, nýsköpun eða öðru vísindastarfi. Kallað er eftir tilnefningum frá starfsfólki og nemendum Háskóla Íslands, auk þess sem vísindanefnd háskólaráðs gerir tillögu um a.m.k. þrjá starfsmenn sem hún metur hæfa til að fá viðurkenningu.
3. Viðurkenning fyrir jafnréttismál. Viðurkenningin er veitt einstaklingi eða hópi fyrir lofsvert framlag til jafnréttismála. Kallað er eftir tilnefningum frá starfsfólki og nemendum Háskóla Íslands, auk þess sem jafnréttisnefnd háskólaráðs gerir tillögu um a.m.k. þrjá starfsmenn eða hópa sem hún metur hæfa til að fá viðurkenningu.
4. Viðurkenning fyrir önnur störf í þágu Háskóla Íslands. Viðurkenningin er veitt fyrir lofsverðan árangur í starfi á öðrum sviðum en kennslu og rannsóknum. Kallað er eftir tilnefningum frá starfsfólki og nemendum Háskóla Íslands.

Tilnefningum er skilað til skrifstofu rektors og skal fylgja með þeim rökstuðningur (1/2 bls.) sem tekur mið af framangreindum forsendum sem liggja til grundvallar viðurkenningunum. Farið er með allar tilnefningar sem trúnaðarmál.

3. Valnefnd

Þriggja manna valnefnd fer yfir allar tilnefningar og rökstuðning með þeim og ákveður hverjir hljóta hina árlegu viðurkenningu. Valnefndin er skipuð af rektor og eiga sæti í henni fulltrúi rektors, sem er formaður, fyrrverandi fastráðinn kennari háskólans og fyrrverandi nemandi háskólans. Nefndin er skipuð til þriggja ára í senn.

4. Verðlaun

Rektor tilkynnir niðurstöðu valnefndar við opinn viðburð og afhendir handhöfum viðurkenningarinnar verðlaun við það tækifæri. Verðlaunin eru í formi viðurkenningarskjals, skriflegrar greinargerðar valnefndar og peningaverðlauna.